


Fjárfestakynning

Uppgjör 2. ársfjórðungs 2025

Herdís Dröfn Fjeldsted



Lykiltölur í rekstri 2F 2025



Tekjur
5.357 m.kr.

2F 2024
5.286 m.kr.




EBITDAaL
716 m.kr.

2F 2024
733 m.kr.



Fjárfestingar
624 m.kr.

2F 2024
1.165 m.kr.



EBITDAaL – Fjárf.
92 m.kr.

2F 2024
-432 m.kr.



Hagnaður
-174 m.kr.


2F 2024
-186 m.kr.



Stöðugildi
414

2F 2024
462

Lykiltölur í rekstri 1H 2025



Tekjur
10.577 m.kr.

1H 2024
10.650 m.kr.




EBITDAaL
1.297 m.kr.

1H 2024
1.485 m.kr.



Fjárfestingar
1.103 m.kr.

1H 2024
2.108 m.kr.



EBITDAaL – Fjárf.
194 m.kr.

1H 2024
-623 m.kr.



Hagnaður
-518 m.kr.

1H 2024
-339 m.kr.



Stöðugildi
414

1H 2024
462

Skref í átt að arðbærum rekstri

- Sögulegur samruni – Endurmörkun Sýnar
- Einfaldað vöruframboð og solumet
- Innri skilvirkniverkefni
- Unnið að bættri upplifun sjónvarpsnotenda
- Samkomulag um Sendafélagið
- Sameining Já og Endor inn í Sýn



Fjárhagsuppgjör



Rekstrarreikningur 2F og 1H 2025

Tekjur á öðrum ársfjórðungi (2F) 2025 námu 5.357 m.kr. samanborið við 5.286 m.kr. á sama tímabili 2024 og jukust um 1,4%. Tekjur af fjölmiðlun, interneti og farsímapjónustu (án IoT) jukust um 3,4% á milli tímabila.

Kostnaðarverð seldra vara á 2F 2025 námu 2.222 m.kr. og jukust um 5,8% milli ára (2F 2024: 2.100). Hækkunina má rekja til vísitölutengdra samninga við birgja sem og aukins breytilegs kostnaðar í kjölfar fjölgunar viðskiptavina.

Laun og launatengd gjöld námu 1.535 m.kr. á 2F og lækkuðu um 6,5% milli ára (2F 2024: 1.642).

Annar rekstrarkostnaður nam 563 m.kr. á 2F samanborið við 526 m.kr. á sama tímabili í fyrra, sem jafngildir 7% aukningu milli ára. Hækkunina má aðallega rekja til aukins markaðskostnaðar við endurmörkun félagsins.

Hrein fjármagnsgjöld á 2F 2025 námu 284 m.kr. og lækka um 11% milli ára (2F 2024: 319).

Hreinar leigugreiðslur hækka á milli ára sem skýrist að stórum hluta á uppgreiðslu á leigusamningi við Reiti.


EBITDAaL nam 716 m.kr. á 2F 2025 samanborið við 733 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2024

Rekstrarreikningur	2F 2025	2F 2024	% br.	6M 2025	6M 2024	% br.
Seldar vörur og þjónusta	5.357	5.286	1,4%	10.577	10.650	-0,7%
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	-2.222	-2.100	5,8%	-4.378	-4.228	3,5%
Laun og launatengd gjöld	-1.535	-1.642	-6,5%	-3.173	-3.210	-1,1%
Annar kostnaður	-563	-526	7,0%	-1.098	-1.097	0,1%
EBITDA	1.038	1.018	2,0%	1.927	2.115	-8,9%
Afskriftir	-972	-955	1,8%	-2.001	-2.005	-0,2%
EBIT	66	63	4,7%	-74	110	-167,3%
Hrein fjármagnsgjöld	-284	-319	-10,9%	-578	-632	-8,5%
Tekjuskattur	45	80	-44,2%	134	148	-9,4%
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	0	-10	-100,0%	0	36	-100,0%
(Tap) hagnaður tímabilsins	-174	-186	-6,3%	-518	-339	53,0%
EBITDA	1.038	1.018	2,0%	1.927	2.115	-8,9%
Hreinar leigugreiðslur	-322	-285	13,0%	-630	-630	0,0%
EBITDAaL	716	733	-2,3%	1.297	1.485	-12,6%
EBITDAaL %	13,4%	13,9%		12,3%	13,9%	

Tekjubró

Breyting 1F 2025 á móti 1F 2024

Breyting 2F 2025 á móti 2F 2024



Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlitið veitir heildstæða mynd af rekstri félagsins með sundurliðun í þrjá lykilstarfspætti: fjölmiðlun, fjarskipti og stoðdeildir. Með þessari framsetningu er auðveldara að greina frammistöðu hvers starfspáttar fyrir sig og meta hvaðan helstu tekjur og arðsemi koma, sem og hvernig stuðningsstarfsemi og sameiginlegur kostnaður hafa áhrif á heildarniðurstöður samstæðunnar. Yfirlitið styður þannig bæði við stefnumótun og ákvarðanatöku, en jafnframt veitir það fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum skýrari innsýn í reksturinn.

Fjarskipti

Starfsemi á sviði fjarskipta felur í sér alla helstu fjarskiptapjónustu, þar á meðal farsíma-, fastlínu- og internetþjónustu, sölu á hlutaneti (IoT), vörusölu til einstaklinga og fyrirtækja, auk hýsingar- og rekstrarlausna. Þjónustan nær til bæði heimila og fyrirtækja og spannar alla virðiskeðju fjarskipta, frá rekstri innviða til dreifingar og stuðningsþjónustu. Vörusala og hýsingar- og rekstrarlausnir eru innifaldar í þessum starfspætti, en vegna smæðar og eðlis þeirra eru þær ekki aðskildir starfspættir.

Fjölmiðlun

Starfsemi á sviði fjölmiðlunar nær til auglýsingasölu, reksturs vefmiðla, útvarps og sjónvarps, auk nýmiðlunar undir vörumerkinu Já.is. Hún felur í sér framleiðslu og miðlun efnis, dreifingu á stafrænum og hefðbundnum miðlum, og þjónustu við auglýsendur og markaðsaðila. Starfsemi nýmiðlunar í gegnum Já.is er hluti af fjölmiðlunarstarfseminni, en vegna smæðar og eðlis hennar er hún ekki aðskilinn starfspáttur.

1H 2025	Fjölmiðlar	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	4.517	6.933	-873	10.577
Heildarrekstrargjöld	-3.814	-5.996	1.159	-8.650
EBITDA starfspátta	704	937	287	1.927
Hreinar leigugreiðslur	-142	-488	-	-630
EBITDAaL starfspátta	562	449	287	1.297
EBITDA starfspátta	704	937	287	1.927
Afskriftir	-1.080	-691	-230	-2.001
EBIT starfspátta	-377	246	56	-74
Hrein fjármagnsgjöld	-	-	-	-578
Tekjuskattur	-	-	-	134
(Tap) hagnaður tímabilsins				-518

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir lækka um 9% frá áramótum. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af tilfærslu fjarskiptaeigna yfir í „eignir flokkaðar til sölu“ í tengslum við samning við Nova vegna Sendafélagsins en einnig þar sem afskriftir eru umfram fjárfestingar á árinu.

- 1.522 m.kr. af fjarskiptainnvíðum fluttir úr rekstrarfjármunum
- 258 m.kr. af óefnislegum eignum fluttar í sama flokk.

Skuldir


Langtímaskuldir lækka í takt við afborganir. Vaxtaberandi skammtímaskuldir hækka vegna rekstrarláns sem tekið var á tímabilinu

Eigið fé

Eigið fé í lok tímabilsins nemur 8.148 m.kr. lækkar um 6%. Eiginfjárhlutfall er 27,1%.

Eignir	30.6.2025	31.12.2024	% br.
Rekstrarfjármunir	1.545	3.298	-53%
Viðskiptavild	7.818	7.818	0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.790	5.252	-9%
Leigueignir	7.526	7.723	-3%
Eignahlutir í félögum	85	85	0%
Langtímaleigukröfur	108	127	-15%
Tekjuskattseign	205	71	189%
Fastafjármunir samtals	22.077	24.374	-9%
Sýningarréttir	2.299	2.427	-5%
Birgðir	306	347	-12%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr.	3.268	3.639	-10%
Handbært fé	350	264	32%
Eignir flokkaðar til sölu	1.780	0	
Veltufjármunir samtals	8.003	6.676	20%
Eignir samtals	30.080	31.050	-3%
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé samtals	8.148	8.652	-6%
Vaxtaberandi skuldir	3.959	4.126	-4%
Leiguskuldbindingar	11.451	11.615	-1%
Langtímaskuldir samtals	15.410	15.741	-2%
Vaxtaberandi skuldir	2.607	2.255	16%
Leiguskuldbindingar	607	642	-6%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask.	3.307	3.760	-12%
Skammtímaskuldir samtals	6.521	6.657	-2%
Skuldir samtals	21.930	22.398	-2%


Sjóðstreymi 1H



Fjárfestingar 1H

Fjárfestingar á fyrri hluta ársins töluvert lægri en fyrir ári

- Fjárfestingar námu 1.103 m.kr. á fyrri helming ársins 2025, samanborið við 2.108 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Stórt innleiðingarverkefni á fyrra ári litar samanburð milli ára.
- Minni fjárfestingaþörf í fjarskiptainnviðum eftir kröftuga innviðauppbýgginu fyrri ára.
- Félagið hefur farið í markvissa greiningu á erlendum sýningaréttum m.t.t arðsemi þeirra.
- Sýningaréttargreiðslur dreifast öðruvísi á almanaksárið að þessu sinni með stærri hluta kostnaðar síðar á árinu, einkum vegna Enska boltans.
- Færri vörumerki og færri vefir til að viðhalda eftir endurmörkun



Árangur og framtíðarhorfur



Sendafélagið – helstu skilmálar

Samkomulag Sýnar & Nova um Sendafélagið

- Framsal dreifikerfa inn í Sendafélagið
- Rekstrarhagræðing
- Sýn og Nova verða einu hluthafarnir og hafa jöfn yfirráð
- Markmið að klára samninga á næstu 10 vikum

Samningarnir munu hafa jákvæð áhrif á Sýn

- Kröftugri 5G uppbygging og aukin gagnahraði fyrir notendur
- Minni skuldsetning
- Aukið fjárstreymi
- Eign í innviðafélagi sem skilar hagnaði

EBITDAaL	250 m.kr. lækkun á ársgrundvelli
Fjárfestingar	200 m.kr. lækkun á ársgrundvelli
EBITDAaL – Fjárfestingar	50 m.kr. lækkun á ársgrundvelli
EBIT	30 m.kr. lækkun á ársgrundvelli
Hreinar vaxta- berandi skuldir	960 m.kr. lækkun
Heildarafkoma Sendafélags	130 m.kr. á fyrsta rekstrarári

Horfur / Áætlun 2025

- **Fyrri árshelmingur**

- Í takt við það sem hefur verið tilkynnt á markað
- Kostnaður við endurmörkun og Enska boltann
- Áskoranir í auglýsingasölu
- Áframhaldandi samdráttur í IoT tekjum

- **Seinni árshelmingur**

- Endurmörkun og Enski boltinn koma inn að fullum þunga
- Fjöldi seldra áskrifta umfram væntingar í júlí
- Standi ákvörðun Fjarskiptastofu getur hún haft áhrif á afkomu

Uppfærð afkomuspá

EBITDAaL	4,0 – 4,2 ma.kr
Fjárfestingar	3,3 – 3,5 ma.kr
EBIT	0,8 – 1,0 ma.kr

Eldri spá

EBITDAaL	4,0 – 4,4 ma.kr
Fjárfestingar	3,8 – 4,0 ma.kr
EBIT	0,8 – 1,2 ma.kr

Lykiláherslur ársins

- Leggja grunn að arðbærum rekstri
 - Skýr sýn og stefna
 - Samnýting og samrekstur innviða
 - Aukinn tekjuvöxtur
 - Lækkun rekstrarkostnaðar
 - Aðgerðir til að hámarka framlegð niður á starfspætti
 - Helgun mannauðs
- Bætt upplifun viðskiptavina
 - Heildstæð ásýnd
 - Einfaldað vöruframboð



Spurningar?

Tekið er á móti spurningum í gegnum
[netfangið fjarfestatengsl@syn.is](mailto:netfangið_fjarfestatengsl@syn.is)



Fyrirvari á uppgjörs kynningu

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttá sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

SÝN 